

Svo greiði hann og stefnda, Tóbaksverzlun Íslands, er hefir látið mæta í málinu, 40 kr. ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. marz 1930.

Nr. 38:1929.

**Timburverzlun Árna Jónssonar**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**skiftaráðanda Reykjavíkur, f. h.**

**protabús Hannesar Ólafssonar**

(cand. jur. Garðar Þorsteinsson).

Sýknudómur.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 22. dez. 1928: Veðréttur sá í húseigninni nr. 2A við Grettisgötu hér í bænum, sem umræðir í skuldabréfi, dags. 20. júlí 1926, útgefnu af Hannesi Ólafssyni til Timburverzlunar Árna Jónssonar, skal vera ógildur gagnvart skuldheimtumönnum þrotabús útgefanda veðbréfsins.

Stefnd Timburverzlun Árna Jónssonar, greiði stefnanda, Garðari Þorsteinssyni, f. h. þrotabús Hannesar Ólafssonar, 520 krónur í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði gestaréttardómur verði úr gildi felldur og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu. Svo hefir hann og krafizt málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti.

Áfrýjandi byggir sýknukröfu sína aðallega á því, að Hannes Ólafsson hafi átt enn fyrir skuldum, er hann 20. júlí 1926 gaf út veðskuldarbréfið til áfrýjanda. Að visu hefir endurskoðunarskrifstofan í Reykja-

vik að tilhlutun skiftaráðandans gjört reikning um efnahag Hannesar eins og hann var 24. ágúst 1926, þegar hann framseldi bú sitt til gjaldþrotaskifta, og komizt að þeirri niðurstöðu í reikningnum, að Hannes hafi þá átt um 10000 kr. umfram skuldir. En þar sem reikningur þessi er byggður á verzlunarbókum gjaldþrota og þær hafa reynzt ónákvæmar og óábyggilegar, verður það eigi byggt á reikningi þessum, að Hannes þá hafi átt fyrir skuldum. Og jafnvel þótt töp skuldheimtumannanna í þrotabúi Hannesar eigi aðallega rót sína að rekja til þess, að nýbyggt hús þrotabúsins seldist um 40000 kr. undir bókfærðu verði þess, þá þykja skifti búsins hafa leitt það í ljós, að Hannes hafi ekki átt fyrir skuldum þegar hann framseldi bú sitt til skifta og þá heldur ekki 5 vikum áður, er hann gaf út veðskuldarbréfið til áfrýjanda. Verður áfrýjandi því ekki sýknaður af þessari ástæðu.

Í annan stað byggir áfrýjandi sýknukröfu sín á því, að honum hafi verið með öllu ókunnugt um fjárprot skuldunauts, er veðsetningin fór fram. Þessu viðvikjandi hafa vitni verið leidd og vottorð útveguð eftir að gestaréttardómurinn var kveðinn upp, og er nú upplýst um þetta, það er hér segir:

Eitt vitnið, er var mágur Hannesar og áfrýjandi hafði ástæðu til að álíta, að væri gagnkunnugur fjárhag hans, hefir borið það og staðfest fyrir rétti, að það hafi um það leyti sem veðbréfið var gefið út, haft orð á því við áfrýjanda, að því (vitninu) væri eigi kunnugt um annað en að Hannes ætti fyrir skuldum.

Annað vitni, er vann við verzlun Hannesar, hefir og borið, að áfrýjandi hafi veturinn og vorið 1926 látið það uppi við sig, að hann mundi fá skuld sína greidda, þegar Hannes fengi nýtt veðdeildarlán.

Þá hefir gjaldþroti sjálfur borið það og staðfest með eiði, að áfrýjandi hafi, hvorki þegar veðbréfið var gefið út né áður, grennslast neitt eftir efnahag sínum og ennfremur, að hann um mánaðarmótin apríl—maí 1926, eða um 16 vikum áður en gjaldþrotaskiftiðin byrjuðu, hafi lofað áfrýjanda veðrétti í húsinu.

Þá hefir það verið vottað af hálfu aðalviðskiftabanka Hannesar, að bankanum hafi ekki verið kunnugt um það þann 20. júlí 1926, að fjárhagur Hannesar væri svo, að hætta væri á því, að hann lýsti sig eða yrði lýstur gjaldþrota í nánustu framtíð.

Málflutningsmaður Hannesar, er var honum persónulega kunnugur, hefir og vottað, að hann hafi álitid Hannes mjög vel stæðan efnalega og því hafi það komið sér mjög á óvart, er hann varð að framselja bú sitt til gjaldþrotaskifta.

Og loks hafa verið lagðir fram í málinu reikningar margra heildsala, er sýna, að þeir hafa haldið áfram viðskiftum sínum við Hannes og veitt honum smá vörulán um það leyti og eftir að veðsetningin til áfrýjanda fór fram og hafa 14 þeirra gefið sérstök vottorð um það, að þeir hafi álitid hann efnalega sjálfstæðan mann og ekki grunað það, að gjaldþrot hans væru fyrir höndum. Og má af vottorðum þessum ráða það, að viðskiftamenn Hannesar hafi yfirleitt er veðsetningin fór fram, ekki haft grun um, að hann ætti ekki fyrir skuldum.

Í janúarmánuði 1926 fékk Hannes Ólafsson veðdeildarlán, að upphæð 25000 kr. út á hús sitt, er þá var ekki fullbúið, og þar sem lán áfrýjanda stafaði frá því, að hann hafði látið Hannes fá timbur og annað byggingarefni til hússins, hafði upphaflega verið svo um talað, að áfrýjandi fengi greiðslu á skuld

sinni af veðdeildarláninu, en af því varð þó eigi. Hinsvegar lofaði Hannes áfrýjanda að borga honum skuldina, er hann fengi viðbótarlán út á húsið, en þegar það drógst, að þetta lán fengist, lofaði Hannes áfrýjanda seint í aprilmánuði eða í byrjun maímánaðar að veita honum veðrétt í húsinu fyrir skuldinni, þótt ekki yrði af því fyr en 20. júlí. Þessi dráttur á því að láta Hannes ganga frá veðsetningunni bendir eigi til þess, að áfrýjandi hafi vitað um fjárþrot skuldunauts. Og auk þess hefir áfrýjandi hér fyrir réttinum gefið þá sennilegu skýringu á því, að hann krafðist veðréttarins á þessum tíma, að hann hafi ætlað að nota veðbréfið sem tryggingu fyrir láni, er hann ætlaði að fá í banka, til að greiða með timburfarm, sem hann þá bráðlega átti von á.

Og þar sem ekkert er að öðru leyti framkomið í málinu, er bendi til þess, að áfrýjandi hafi vitað um fjárþrot skuldunauts þegar veðsetningin fór fram, þá verður að líta svo á, að hann hafi hrundið grun þeim, er á honum hvílir um þetta samkvæmt ákvæðum 24. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894, og á því veðréttur hans að halda gildi gagnvart skuldheimtumönnum í þrotabúi Hannesar Ólafssonar.

Það ber því að fella hinn áfrýjaða gestaréttardóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur er úr gildi fellur og á áfrýjandi sýkn að vera af kröfum stefnda í máli þessu.



Hannesar, þá er hann tók við veðskuldarbréfinu 20. júlí 1926.

Skjöl þau, sem lögð hafa verið fram í hæstarétti af nýju, geta því ekki hrundið grun þeim, sem 24., sbr. 23. gr. gjaldþrotalaganna nr. 7/1894 leggur á áfrýjanda út af viðtöku hans á nefndu veðskuldarbréfi Hannesar, enda sýnir 21., sbr. 20. gr. nýju gjaldþrotalaganna nr. 25/1929, að löggjafanum er enn annara en áður um að verja hér að lútandi hagsmuni almennings.

Og þar sem fallast má að öllu leyti á forsendur gestaréttardómsins ber að staðfesta dóminn.

Eftir þeim úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti og er hann eftir atvikum ákveðinn 250 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardóminum skal óraskað. Áfrýjandinn, Timburverzlun Árna Jónssonar, greiði skiftaráðandanum í Reykjavík, f. h. þrotabús Hannesar Ólafssonar, 250 króna málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 20. júlí 1926 gaf Hannes Ólafsson kaupmaður, Grettisgötu 2A hér í bænum, út veðskuldarbréf til Timburverzlunar Árna Jónssonar s. st. fyrir 11390.52 með 4. veðrétti og uppfærslurétti í húseign sinni nr. 2A við Grettisgötu hér í bænum, en skuld þessi hafði myndast á tímabilinu frá 19. maí 1925 til 15. febrúar 1926 og var fyrir efni í hið veðsetta hús.

Hinn 24. ágúst var bú Hannesar Ólafssonar tekið til gjaldþrotaskifta og með bréfi til skiftaráðandans í Reykjavík, dags.

4. janúar 1927, var framanefndri veðskuld Timburverzlunar Árna Jónssonar, stefnds í þessu máli, lýst í þrotabúð og krafizt borgunar á henni af söluverði hins veðsetta húss svo langt sem það kynni að ná, en ef ekki fengist full greiðsla á þennan hátt, skyldi með afganginn farið sem almenna skuld.

Á skiftafundi í þrotabúinu hinn 2. apríl 1928 lagði skiftaráðandi fram skrá yfir eignir og skuldir búins og var skuld stefnds þar talin meðal forgangsskulda (veðskulda) og mundi eftir söluverði hinnar veðsettu húseignar hafa greiðst að fullu, ef þeirri skrá hefði verið fylgt við úthlutun í búinu.

Á þessum skiftafundi komu af hálfu eigenda almennra krafna fram andmæli gegn því, að skuld stefnda væri talin forgangsskuld, með því að veðréttur sá, sem hér væri um að ræða, væri ekki stofnaður fyrir en hér um bil 5 vikum á undan gjaldþrotinu og því væntanlega riftanlegur samkv. 23., sbr. 22. gr. laga um gjaldþrotaskifti 13. apríl 1894. Var samþykkt á skiftafundinum eftir að sáttatilaun hafði farið fram, að höfða riftunarmál af hálfu þrotabúsins á hendur stefndum og stefnanda falið að fara með málið, f. h. búins.

Mál þetta var svo höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 4. apríl þ. á., og hefir stefnandi gjört þær réttarkröfur, að hin umrædda veðsetning frá 20. júlí 1926 verði dæmd ógild gagnvart þrotabúinu, þannig, að krafa stefnds verði ekki forgangskrafa, svo og að þrotabúinu verði tildæmdar 520 kr. í málskostnað.

Stefndur hefir hinsvegar krafizt þess, að veðrétturinn verði gildur metinn og að veðskuldin greiðist sem forgangsskuld, svo og að sér verði tildæmdur riflegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á 23., sbr. 22. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894 eins og skiftafundurinn og heldur því fram, að stefndur hljóti að hafa vitað, að útgefandi veðbréfsins frá 20. júlí 1926 ætti ekki fyrir skuldinni þegar það var gefið út. Styður hann þetta meðal annars með því, hversu langur tími leið frá stofnun skuldarinnar, til þess er veðsetningin fór fram. Ennfremur telur hann það benda í sömu átt, að stefndur fékk hjá Hannesi Ólafssyni samtímis veðbréfinu, ávísun á væntanlegt lán, er taka átti í veðdeild Landsbankans gegn veði í húseign gjaldþrota. Stefnandi heldur því og fram, að stefndur hafi ekki getað búizt við, að öll skuldin greiddist með

umræddu veðdeildarláni og veðbréfið sýni því, að stefndur hafi ekki þorað að reiða sig á, að gjaldþroti gæti borgað.

Andmæli sin gegn riftingu veðbréfsins byggir stefndur einkum á þessu þrennu:

1. að gjaldþroti hafi löngu fyrir 20. júlí lofað sér veðtryggingunni.

2. að gjaldþroti hafi átt fyrir skuldum, er veðbréfið var gefið út.

3. að þó svo kynni að vera, að hann hefði ekki á þessum tíma átt fyrir skuldum, þá hafi stefndum verið með öllu ókunnugt um það.

Til stuðnings því, að veðréttinum hafi verið lofað löngu fyrir 20. júlí 1926 hefir stefndur lagt fram vottorð frá gjaldþrota, sem staðfestir þetta. Vottorði þessu hefir stefnandi mótmælt, og ekki hefir það verið staðfest fyrir rétti. Ennfremur hefir stefndur sýnt fram á, að hann hefir hinn 17. maí 1926 keypt veðbókarvottorð um hina veðsettu eign og heldur því fram, að þá þegar hafi verið fastráðið um veðréttinn, en dregið að fá veðbréfið gefið út, vegna þess að erfitt hafi verið að ná í gjaldþrota.

Eftir því sem fyrir liggur í málinu getur það ekki talizt sannað gegn eindregnum mótmælum stefnanda, að veðsetningunni hafi verið lofað meira en 8 vikum á undan gjaldþrotaskiftabyrjun og verður því ekki hjá því komizt að athuga með tilliti til ástæðna áður nefndra laga um gjaldþrotaskifti, hvort veðrétturinn skuli metinn gildur eða ekki.

Stefndur hefir í málinu stutt þá staðhæfingu sína, að gjaldþroti hafi átt fyrir skuldum, er veðsetningin fór fram, með því að endurskoðun var látin fara fram á verzlunarreikningum gjaldþrota, eftir að búið var tekið til skiftameðferðar, og sé niðurstaða endurskoðunarinnar sú, að umfram skuldir séu samkvæmt henni kr. 10754.93, og séu þó ótaldir þeir innanhúsmunir gjaldþrota, sem hafi verið um 4000 króna virði.

Á þessa skoðun stefnds verður þó ekki fallizt, því að endurskoðunin er byggð á bókfærslu gjaldþrota, það sem hún náði, en hinsvegar upplýst, að hún var mjög óábyggileg og ónákvæm. Aftur á móti ber skrá yfir eignir og skuldir þrota-búsins með sér, að skuldir þess séu kr. 149710.86, en eignir ekki nema kr. 78082.58 og jafnvel þótt tekið sé tillit til kostnaðar, sem af skiftum leiðir og þess, að eignirnar hafa selzt nokkru neðan við sannvirði, vegna skjótrar sölu, þá virðist

Þetta þó sýna greinilega, að gjaldþroti átti ekki nærri því fyrir skuldum, er búið var tekið til skifta. Á þetta bendir og frv. til nauðasamninga, sem gjaldþroti lagði fram á skifta-fundi 4. september 1926, því að þar gjörði hann ráð fyrir að greiða aðeins 10 % af almennum skuldum.

Það verður því að teljast vafalaust, að mikið hafi vantað á, að gjaldþroti hafi átt fyrir skuldum, er gjaldþrotaskiftin byrjuðu, og þar sem ekki er upplýst eða sjáanlegt af því, sem fram er komið í málinu, að hagur hans hafi í neinu verulegu breytzt á hinum stutta tíma, sem leið frá útgáfu umþrætts skuldabréfs til þess er hann varð gjaldþrota, verður að líta svo á, að hann hafi heldur ekki átt fyrir skuldum hinn 20. júlí 1926, er veðbréfið var gefið út.

Þá kemur til álits, hvort stefndur hafi hrundið þeim grun, sem samkvæmt 24. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894 hvílir á honum, um að honum hafi verið kunnugt um þrot skuldunauts.

Um þetta atriði heldur stefndur því fram, að hann hafi með öllu verið óvitandi um, hve illa stæður gjaldþroti var, og því til sönnunar hafi hann getið þess, að ef hann hefði haft grun um, að gjaldþroti gæti ekki borgað, mundi hann hafa undið miklu hraðari bug að því að fá veðbréfið gefið út, og dráttur á þessu sýni bezt traust sitt á efnahag hans. Stefndur hefir einnig lagt fram vottorð manns, sem er nákominn gjaldþrota, um að hann hafi ekki vitað annað en að gjaldþroti ætti fyrir skuldum á þeim tíma, sem hér skiftir máli, og hefir mál þetta verið staðfest fyrir rétti. Þá hefir stefndur og lagt fram útdrætti úr reikningum margra viðskiftamanna og gjaldþrota, er bera það með sér, að viðskifti hafa haldið áfram alveg fram að eða fram undir gjaldþrotið, og sýnir þetta, að viðskiftamenn hans yfirleitt hafi treyst honum og ekki vitað, að efnahagur hans væri slæmur.

Rétturinn verður að álíta, að hvorki með hinu framan-greinda né öðru, sem fram er komið í málinu, sé hinum lög-ákveðna grun nægilega hnekkt. Hinir framlögðu reiknings-útrættir þykja ekki skifta verulegu máli í þessu efni, sökum þess að lán, sem viðskiftamenn hafa veitt um það leyti, sem hér skiftir máli, eru yfirleitt smá, enda hefir gjaldþroti greitt ýmsum skuldheimtumönnum upp í skuldir þeirra.

Þessi viðskifti virðast því tæpast sambærileg viðskiftum stefnds og gjaldþrota. Ekki þykir heldur fært að byggja mikið á áður nefndu vottorði um efnahag gjaldþrota, þar sem vottorðs-

